

**Sp. 371. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]**

um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma niðurgreiðslu á korni ræktuðu hér á landi til jafns við niðurgreiðslu á innfluttu korni.

**Greinargerð.**

Kornrækt er nú tekin að ryðja sér til rúms hér innanlands, og má ætla, að sú þróun haldi áfram á komandi árum, ef kornræktinni eru búin eðlileg skilyrði til vaxtar.

Eins og málum er nú háttað um verðlag á kornvörum, verður ekki séð, að veruleg aukning geti orðið í þessari búgrein, þótt vaxtarmöguleikar hennar að öðru leyti væru hinir beztu.

Því er sem sagt þannig háttað nú, að korn, sem flutt er inn frá útlöndum, fær sérstakar niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Þær greiðslur nema 18.61% af fob.-verði vörunnar.

Erlent korn er því selt hér sem þessu nemur undir eðlilegu verði. Innlenda kornframleiðslan nýtur hins vegar engrar slíkrar niðurgreiðslu og á því í vök að verjast í samkeppninni við hið erlenda og niðurgreidda korn.

Meðan niðurgreiðsla er aðeins látin ná til innflutta kornsins, verkar hún því eins og verndartollur á útlendu vöruna gegn hinni innlendu.

Það er augljóst mál, að í alla staði er óeðlilegt, að þannig sé að farið til að þröngva kosti íslenzkrar búgreinar, sem allir eru sammála um, að æskilegt væri, að ætti sér mikla framtíð.

Eðlilegt hefði verið, að ríkisstjórnin hefði þegar bætt úr þessu misræmi með því að ákveða sömu verðbótageiðslu á hið íslenska korn og nemur niðurgreiðslunum á aðflutta kornið. En þetta hefur ekki verið gert, og því er hér lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma þessa sanngjörnu leiðréttingu á verðbótakerfi sínu.